

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 23. september 2010 í máli nr. S-449/2010:

Ákærvaldið

(Sigríður J. Friðjónsdóttir vararíkissaksóknari)

gegn

A

(Oddgeir Einarsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með ákæru útgefinni af ríkissaksóknara 15. júní 2010 á hendur A, kt. 000000-0000, [.....], „fyrir kynferðisbrot framin í starfi ákærða í [.....], í júlí 2008:

1. Með því að hafa káfað innan klæða á rassi og getnaðarlim B sem þá var 7 ára gamall og sagt eitthvað á þá leið að B væri með standpínu og ákærða þætti það ekkert ógeðslegt.

Telst þetta varða við 2. mgr. 202. gr. og 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

2. Með því að hafa káfað innan klæða á lærum og rassi C sem þá var 8 ára gamall.

Telst þetta varða við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkröfur:

Af hálfu B, kt. 000000-0000, er krafist skaða- og miskabóta að fjárhæð kr. 1.500.000 auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 4. gr. laganna, frá 7. júlí 2008 til 25. október 2009 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags auk greiðslu málskostnaðar.

Af hálfu C, kt. 000000-0000, er krafist skaða- og miskabóta að fjárhæð kr. 1.500.000 auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 4. gr. laganna, frá 7. júlí 2008 til 25. október 2009 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags auk greiðslu málskostnaðar.“

Af hálfu ákærða er krafist sýknu. Til vara krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá er krafist hæfilegra málsvarnarlauna sem greidd verði úr ríkissjóði.

Skipaður réttargæslumaður beggja brotþola mætti ekki við aðalmeðferð málsins, sem ákveðin hafði verið við þingfestingu þess. Var krafa beggja brotþola því felld niður með vísan til 2. mgr. 174. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Málavextir

Með bréfi, dags. 29. júlí 2009, fór Barnavernd Reykjavíkur fram á að fram færi lögreglurannsókn á því hvort, og þá með hvaða hætti, B, hefði verið beittur kynferðisofbeldi af hálfu ákærða. Er í bréfinu tekið fram að Skátasamband Reykjavíkur hafi tilkynnt málið til Barnaverndar með bréfi hinn 11. maí sama ár. Fylgdi bréf skátasambandsins með og kemur þar fram að foreldrar B hafi komið og tilkynnt um kynferðislega áreitni starfsmanns námskeiðs á vegum skátanna gagnvart drengnum. Hafi foreldrarnir lýst þar frásögn drengsins af því sem gerðist og þar meðal annars komið fram að annar drengur, C, hafi einnig verið viðstaddur atvikið. Hafi föður B verið sendar myndir af starfsfólki námskeiðsins og drengurinn í kjölfarið bent á mynd af ákærða. Í bréfi Barnaverndar kemur og fram að B hafi í könnunarviðtali í Barnahúsi lýst atburðinum þannig að hann og vinur hans hafi einn daginn verið að leika sér í tölvu á námskeiðinu þegar ákærði hafi byrjað að kitla hann, fyrst á líkamann en síðan farið inn á buxurnar og kitlað rassinn og typpið. Ákærði hafi þá sagt „þú ert með standpínu“ og síðan bætt við „mér finnst það ekkert ógeðslegt“. Á meðan á þessu stóð hafi vinur hans verið í tölvunni. Eftir atvikið hafi vinirnir rætt saman og vinurinn þá sagt frá því að það sama hefði verið gert við hann.

Skýrslur fyrir dómi

Skýrsla skv. 1. mgr. a-liðar 59. gr. laga nr. 88/2008 var tekin af öðrum brotapolanum, B, hinn 9. september 2009. Lýsti hann þá atvikum á þá leið að ári áður, um sumarið, hefði hann verið á námskeiði hjá skátunum. Hefði hann og vinur hans C þá verið einn daginn að spila tölvuleik inni í herbergi þar á staðnum. Í herberginu hefði þá einnig verið staddur með þeim starfsmaður námskeiðsins sem hétu D. Þegar C hefði átt leik í tölvunni sagði B manninn hafa byrjað að kitla sig á líkamann og spurt: „Ertu kitlinn?“ Hefði maðurinn svo haldið áfram, farið inn á buxurnar og kitlað hann á typpinu og á rassinum. Hefði maðurinn og sagt: „Þú ert með standþínu, mér finnst það ekki ógeðslegt.“ Nánar aðspurður sagði B manninn hafa snert typpið með fingrunum, undir fötin. Spurður með hverju maðurinn hefði snert rassinn svaraði hann: „Bara með fingrunum. Hann kom eiginlega bara hér svona ekkert alveg á rassinn. Svona næstum því.“ Aðspurður hélt B fyrst að hann hefði verið í gallabuxum en þegar hann var spurður hvernig maðurinn hefði komist með fingurna undir fötin svaraði hann: „Hann bara, ég man ekki hvernig buxum ég var í en ég held að ég hafi verið í svona teygjanlegum.“ B kvaðst ekki hafa orðið var við að maðurinn gerði neitt við C í umrætt sinn. Sagðist B hafa spurt C eftir hvort maðurinn hefði gert eitthvað við hann og hann þá sagt svo vera. Hefði C sagt manninn hafa verið „að gera þetta við sig“, „koma við typpið og það“. Sagðist B hafa sagt móður sinni frá því eftir námskeiðið að maður hefði verið að kitla sig á námskeiðinu. Hún hefði bara haldið að um kitl væri að ræða en það hefði svo ekki verið fyrr en árið eftir, þegar hún spurði hann hvort hún ætti að skrá hann á sama námskeiðið, sem þetta hefði rifjast upp fyrir honum. Kvaðst hann þá hafa sagt foreldrunum frá því sem raunverulega gerðist. Hefði hann svo fengið að skoða myndir í tölvunni og þau þá fundið út hver þessi maður var.

Samdægur var tekin skýrsla af brotapolanum C á grundvelli sama lagaákvæðis. Sagði hann þá B hafa verið saman á skátanámskeiði og í umrætt sinn, um morgun, hafi þeir verið einir mættir á staðinn. Hefðu þeir verið að leika sér þar í tölvu ásamt starfsmanni námskeiðsins sem hefði sagst heita A. Þegar B hefði verið í tölvunni sagði C starfsmanninn hafa spurt sig hvort hann væri „kitlinn“. Sagðist C hafa neitað því. Hefði maðurinn þá farið inn undir og niður í buxur hans, þó ekki nærbuxurnar, og reynt að kitla hann þar. C kvaðst hafa beðið hann um að hætta en maðurinn samt haldið áfram. Hann hefði þá beðið manninn á ný um að hætta og maðurinn þá hætt. Nánar lýsti C kitli mannsins þannig að það hefði verið ofarlega á lærinu, rétt hjá rassinum. C sagðist ekki hafa séð hvað maðurinn gerði við B en B hefði spurt hann einhvern tímann þegar þeir voru á námskeiðinu „hvað hann var að gera við mig og ég sagði honum það og þá fór hann að gera þetta við hann, einhvern tímann“. Spurður nánar út í þetta kvaðst C ekki muna hvað B hefði sagt honum að hefði gerst. Spurður hvort hann héldi að það hefði gerst á sama tíma og atvikið sem hann hefði lýst svaraði hann: „Ég veit það ekki, ég held á öðrum tíma.“

Ákærði neitar sök. Kannaðist hann við að hafa verið leiðbeinandi í útilífsskóla skáta sumarið 2008 eins og reyndar einnig tvö sumur þar á undan. Hefði í því falist að hafa þar umsjón með börnum og kenna þeim hvernig ætti að

leika sér. Aðspurður kvaðst ákærði ekkert muna eftir eða þekkja til drengjanna tveggja sem teljast brotapolar í máli þessu. Mörg hundruð börn hefðu tekið þátt í þessum námskeiðum og minntist hann ekki þessara drengja sérstaklega. Spurður hvort verið gæti að hann hefði einhvern tímann kitlað þessa drengi sagði hann að það gæti vel verið en hann myndi í fyrsta lagi aldrei gera slíkt innan klæða og í öðru lagi myndi hann hætta því strax væri um það beðið. Þá myndi hann ekkert eftir að slíkt hefði gerst í herbergi þar sem hann hefði verið staddur með tveimur drengjum og þeir að leika sér þar í tölvu. Kvaðst hann kannast við að hafa verið kallaður D og að enginn annar í útilífsskólanum hefði haft þetta gælunafn. Hann sagðist þó ekki kannast við að hafa verið með tagl eða fléttu í hárinu en hann væri vissulega með gleraugu. Sagði hann það eina sem gæti passað við lýsingu þeirra væri að hann hefði þetta sumar alltaf mætt fyrstur á morgnana, góðum klukkutíma á undan öðrum. Þá hefði ekki verið neitt óvenjulegt að hann eða einhverjir aðrir starfsmenn væru einir með börnunum.

E, móðir C, sagði drenginn hafa verið á skátanámskeiði sumarið 2008. Hefði hún ekki orðið vör við neitt annað þá en að honum hefði líkað það vel. Það hefði svo ekki verið fyrr en næsta sumar sem móðir B hefði hringt í hana og spurt hvort hún hefði heyrt C tala um að einhver hefði verið að kitla strákana á námskeiðinu. Sagðist vitnið ekki minnst þess. Móðir B hefði svo hringt aftur nokkru síðar og sagt að hún og B hefðu verið að horfa á þátt um barnaníðinga í sjónvarpinu og hefði B þá sagt að þetta væri bara eins og „perrinn í skátunum“. Hefði hún og spurt hvort C hefði tjáð sig um þetta en hún hefði svarað því neitandi. Kvaðst hún svo í framhaldi hafa sest niður með C og spurt hann hvort eitthvað hefði komið upp á í skátunum árið áður. Hefði hann þá sagt henni að þar hefði verið strákur sem hefði verið að kitla á þeim typpið og horfa eitthvað á þá. Hún kvaðst þó ekki viss um að hann hefði talað um að maðurinn hefði farið undir buxurnar hjá honum, eins og haft er eftir henni í lögregluskýrslu, heldur einungis hjá B. Hún hefði þó vafalaust munað þetta betur er hún gaf fyrst skýrslu í málinu. Í framhaldi af þessu hefði mál þetta farið af stað. Spurð hvort B hefði eitthvað minnst á einhvern á námskeiðinu sem honum líkaði ekki við sagðist hún ekki minnst þess. Hins vegar hefði verið sérstakt í þessu sambandi að B hefði þvertekið fyrir að fara á annað námskeið. Er vitninu var bent á að hún hefði talað um það í skýrslu sinni hjá lögreglu að B hefði haft orð á því að fyrra bragði í kjölfar námskeiðsins að einhver „perri“ hefði verið að kitla þá kvað hún það líklegast vera það rétta því hún hefði munað þetta allt mun betur þá en nú, auk þess sem hún hefði reynt að ýta þessa svólítið frá sér eftir að hún gaf umrædda lögregluskýrslu. Hún hefði hins vegar ekki talið að þetta væri neytt alvarlegt. Þá minntist hún ekki annars en að drengnum hefði þótt gaman á umræddu námskeiði. Hann hefði verið viljugur að fara á morgnana.

F, faðir B, sagði að mál þetta hefði komið upp stuttu eftir að B hefði verið að horfa á þátt í sjónvarpinu um kynferðisofbeldi. Hefði hann þá farið að tala um það að starfsmaður skátanámskeiðsins hefði verið einn með þeim C inni í tölvuherbergi og byrjað að kitla þá. Hefði B sagt manninn hafa farið inn undir buxurnar og kitlað hann í typpinu og við það hefði hann fengið „standþínu“. Hefði maðurinn þá sagt að það væri allt í lagi að fá „standþínu“. Vitnið sagði að þeim

foreldrunum hefði við þetta brugðið mjög. Sérstaklega þegar þau fóru að hugsa málið betur og það rifjast upp fyrir þeim að B hefði eitthvað ýjað að því, á svipuðum tíma og námskeiðið stóð, að einhver starfsmaður þar væri svolítið furðulegur. Þeim hefði þó ekki fundist það þá neitt athugavert, enda ekki virst sem B hræddist hann. Eftir þetta hefðu þau ákveðið að hafa samband við skátafélagið og hefði rannsókn málsins hafist í framhaldi af því. Aðspurt kvaðst vitið telja að rétt væri eftir sér haft í lögregluskýrslu, að B hefði þá stuttu áður þvertekið fyrir að fara aftur á námskeið hjá skátunum, en hann myndi þetta þó ekki vel. Spurður um afleiðingar þessa fyrir B kvaðst vitnið ekki hafa þekkingu til að meta það en hann minnti þó að drengirnir hefðu báðir verið frekar baldnir í skólanum veturinn á eftir. Aðspurt kvaðst vitnið ekki minnst þess að B hefði lýst því hvað gert hefði verið við C, en hann hefði sagt að þeir hefðu lent í þessu saman.

G, móðir B, lýsti atvikum svo að um vorið 2009, líklega í apríl, hefði hún ætlað að skrá drenginn aftur á skátanámskeið eins og árið áður. Hefði þá brugðið svo við að hann hafi algjörlega neitað því. Nokkru síðar hefði B verið að horfa á sjónvarpsþátt um kynferðisofbeldi og að honum loknum hefði hann farið að tala um að það væru bara „perrar“ í skátunum. Við þetta hefði rifjast upp fyrir henni að einhvern tímann þegar B hefði verið nýkominn heim af skátanámskeiði sumarið áður hefði hann talað um að strákurinn á námskeiðinu væri eitthvað skrýtinn því hann hefði verið að kitla þá. Hún kvaðst ekki hafa talið þetta alvarlegt mál en þó spurt móður C hvort hann hefði eitthvað minnst á þetta. Það hefði ekki verið og hefðu þau því ýtt þessu til hliðar. Með þetta í huga hefði hún beðið B um að lýsa því betur hvað þarna gerðist. Hefði B þá skýrt frá því að starfsmaðurinn hefði boðið honum að leika sér í tölvu. Maðurinn hefði svo byrjað að kitla B og kitlið þróast þannig að maðurinn hefði smeygt hendi sinni inn undir buxustrenginn á „jogging“-buxunum hans og kitlað hann í typpinu. Hann hefði svo sagt að það væri allt í lagi að fá „standpínu“. Kvaðst hún þá samstundis hafa áttað sig á að málið væri alvarlegt. B hefði svo sagt að maðurinn hefði einnig kitlað C en B hefði ekki séð nánar hvað hann gerði gagnvart honum. Aðspurð kvaðst hún ekki vita hvort maðurinn hefði farið ofan í nærbuxurnar hjá B. Í framhaldi af frásögn B hefðu þau foreldrarnir fengið fund með formanni skátafélagsins ásamt sálfræðingi og í kjölfar þess fundar fengið sendar myndir af starfsmönnum námskeiðsins sem til greina kæmu. Hefði B þá bent á mynd af ákærða sem umræddan starfsmann. Vitnið kvaðst ekki minnst annars en að B hefði virst ánægður á umræddu útivistarnámskeiði en þó minnti hana að eitthvert hik hefði verið á honum þegar fara átti í útilegu í lok þess. Hún hefði hins vegar þrýst á hann að fara.

[...], starfsmaður skátafélagsins, sagði ákærða hafa verið aðstoðarleiðbeinanda í útivistarskólanum sumarið 2008. Í starfi hans hefði meðal annars falist að sjá um gæslu og hafa ofan af fyrir þeim börnum sem mættu fyrir upphaf námskeiðs kl. 9 og þeim börnum sem dveldu eitthvað fram yfir lok námskeiðsins. Gæti því vel verið að ákærði hefði í umrætt sinn verið einn með tveimur drengjum í tölvuherberginu. Aðstoðarleiðbeinendur hefðu skipst á að sjá um slíka gæslu. Vitnið kvað skipulagi þessara mála nú hafa verið breytt þannig að slíkir leiðbeinendur væru ekki einir með börnunum. Ákærði hefði starfað hjá félaginu í þrjú ár og að hún vissi ekki til að á þeim tíma hefðu aðrar kvartanir borist

vegna hegðunar hans.

Niðurstaða

Ákærði hefur frá upphafi rannsóknar neitað sök. Hann kannast við að hafa sumarið 2008 starfað sem leiðbeinandi í umræddum útlífsskóla og verið kallaður D. Hann hafi yfirleitt mætt á undan öðrum starfsmönnum á morgnana og þá stundum verið einn með börnum sem mætt hafi snemma. Hann kveðst ekkert muna eftir eða þekkja til brotapolanna tveggja en segir að vel geti verið að hann hafi einhvern tímann kitlað þá. Hafi það einhvern tímann gerst hefði hann hætt því strax væri um það beðið og aldrei gert slíkt innan klæða.

Eins og fyrr greinir hafa báðir brotapolarnir lýst því að þeir hafi dag einn verið staddir saman í herbergi skátanámskeiðsins að leika sér í tölvu, að viðstöddum starfsmanni námskeiðsins sem hétu D. Segir B starfsmanninn hafa spurt hvort hann væri „kitlinn“? Hafi starfsmaðurinn svo kitlað hann, farið inn undir buxur hans og kitlað hann á typpinu og á eða við rassinn. Starfsmaðurinn hafi svo sagt: „Þú ert með standpínu, mér finnst það ekki ógeðslegt.“ Hafi þetta gerst á meðan C var í tölvunni og því hafi C ekki séð atvikið. C ber að starfsmaðurinn hafi spurt hann hvort hann væri „kitlinn“? Hann hafi neitað því en maðurinn samt byrjað að kitla hann. Hafi maðurinn farið niður í og inn undir teygjubuxurnar, þó ekki undir nærbuxurnar, og kitlað hann ofarlega á lærinu, við rassinn. B segist ekki hafa „almennilega“ séð hvað gerðist á milli C og mannsins því hann hafi sjálfur verið upptekinn í tölvuleik. Hann hafi þó heyrt C segja að hann væri ekkert „kitlinn“. Báðir segjast brotapolarnir hafa rætt málið sín í milli eftir námskeiðið. B lýsti því svo: „Ég bara spurði hann eftir á og hann sagði já hann gerði þetta við mig. ... Ég held hann hafi bara gert alveg eins og við mig.“ Spurður hvað C hefði sagt svaraði hann: „Hann sagði bara að hann væri að gera þetta við sig.“ Spurður nánar svaraði hann: „Koma við typpið og það.“

Framburður brotapolanna fær nokkurn stuðning af framburði G og F, foreldra B, um það hvernig mál þetta komst fyrst til þeirra vitundar, um að B hafi að loknu einu námskeiðinu talað um skrýttinn strák sem hefði verið að kitla þá og um neikvæðni B gagnvart því að fara aftur á skátanámskeið ári seinna. Þá veitir vitnisburður E, móður C, um neikvæða afstöðu hans gagnvart því að fara aftur á námskeiðið og um fyrstu frásögn C af atburðum, framburðum drengjanna nokkra stoð. Fyrir liggur með framburði ákærða sjálfs og Lindu Rósar Jóhannsdóttur að vel sé mögulegt að ákærði hafi getað verið einn með börnum sem mættu snemma á námskeiðið. Þá hefur ákærði ekki útilokað að hann hafi einhvern tímann kitlað drengina tvo.

Dómendur hafa horft á myndupptöku af skýrslugjöf brotapolanna og telja framburð þeirra í öllu tilliti trúverðugan. Með hliðsjón af því og öðru því sem að

framan er rakið er það niðurstaða dómsins að leggja megi frásögn brotapolanna til grundvallar því að ákærði hafi káfað innan klæða á brotapolum eins og nánar er lýst í 1. og 2. tl. ákæru. Telst sú háttsemi hans nægilega sönnuð og varða við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar þykir framburður B, um að ákærði hafi sagt eitthvað á þá leið að B væri með „standpínu“ og að ákærða þætti það ekkert ógeðslegt, ekki fá þann stuðning af gögnum að nægi til sakfellingar af þeim þætti ákæruliðar 1. Verður ákærði því sýknaður af þeim hluta ákæruliðarins.

Samkvæmt fyrirbyggjandi sakavottorði hefur ákærði ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Við ákvörðun refsingar er til þess litið að ákærði hefur brugðist þeim trúnaðarskyldum sem á hann voru lagðar sem starfsmann skátanámskeiðsins en til refsimildunar horfir hins vegar að ákærði var aðeins sautján ára gamall þegar brot hans voru framin. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði. Eftir atvikum þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar eins og nánar greinir í dómsorði.

Eins og að framan hefur verið rakið hafa bótakröfur verið felldar niður með vísan til 2. mgr. 174. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Ákærði greiði þóknun verjanda síns vegna vinnu hans á rannsóknarstigi og fyrir dómi og þóknun réttargæslumanns eins og nánar segir í dómsorði. Hefur í báðum tilvikum verið tekið tillit til greiðslu virðisaukaskatts.

Dóm þennan kveða upp héraðsdómararnir Ásgeir Magnússon, sem dómsformaður, Ástríður Grímsdóttir og Guðjón St. Marteinson.

D ó m s o r ð :

Ákærði, A, sæti fangelsi í sex mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði málsvarnar- og réttargæsluþóknun verjanda síns, Oddgeirs Einarssonar hdl., 376.500 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns, Daggar Pálsdóttur hrl., 50.200 krónur.

Ásgeir Magnússon

Ástríður Grímsdóttir

Guðjón Marteinson